

is. Áfrýjandi lét þó mæta þar, og hefir hann krafist 55 kr. kostnaðarendurgjalds leiðandi af því. Stefnda verður þó eigi gefin sök á því, að ekkert varð af réttarhaldinu, og eftir því hvernig úrslit máls þessa eru orðin, verður þessari kröfu áfrýjanda ekki gefinn neinn gaumur.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn skal vera óraskaður. Áfrýjandi Kristján C. Magnússon greiði stefnda, kaupmanni Carl J. Guðmundssyni, málskostnað fyrir yfirirdómi, 30 krónur.

Dómi þessum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 26/1902: Hreppsnefnd Auðkúluhrepps
gegn
P. J. Thorsteinsson & Co. á Bildudal.

D ó m u r:

Áfrýjandi, hreppsnefnd Auðkúluhrepps, gjörði stefnda P. J. Thorsteinsson & Co. á Bildudal aukaútsvar fyrir fardagaárið 1900—1901, að upphæð 15 kr., og var útsvarið lagt á salt- og fiskverzlun stefndu í Hlaðsbót í Auðkúluhreppi. 9. desbr. 1901 tók hreppstjórinn í Suðurfjardahreppi lögtaki gjald þetta eftir kröfu áfrýjanda, með því að stefndu neituðu að greiða það. Með úrskurði fógetans í Barðastrandarsýslu, gengnum 11. jan. 1902, var lög-

taksgjörðin úr gildi feld og hinir lögteknu munir leystir úr löghaldinu.

Þessum úrskurði hefir hreppsnefnd Auðkúluhrepps að fenginni gjafsókn og með skipuðum málflutningsmanni áfrýjað til landsyfirrættarins með stefnu, dags. 28. júní þ. á., og krafist þess, að hann verði úr gildi feldur og hinu stefnda verzlunarfélagi verði gjört að skyldu að greiða 15 kr. aukaútsvar til Auðkúluhrepps, svo og málskostnað fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins, þar á meðal hæfileg málssóknarlaun til hins skipaða sækjanda. Af hálfu stefndu hefir þess verið krafist, að fógetaúrskurðurinn verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða allan málskostnað að skaðlausu eða eftir mati yfirdómsins.

Útsvar það, sem áður er um getið, lagði hreppsnefnd Auðkúluhrepps á salt- og fiskverzlun, er hún taldi stefndu hafa rekið í Hlaðsbót innan Auðkúluhrepps í Ísafjarðarsýslu. Eftir því sem fram er komið í málinu, höfðu stefndu mann í Hlaðsbót frá 19. sept. til 16. nóv. 1900 til að taka á móti blautfiski og afgreiða salt til þeirra, er reru þaðan og þar nærlendis; á tímabilinu frá 3. apríl til 28. júní 1901 voru afhentar frá salthúsi stefndu í Hlaðsbót samtals 75 tunnur af salti. Þetta salt afhenti Mattías bóndi Ásgeirsson í Baulhúsum rétt við Hlaðsbót í hvert skifti eftir sérstakri ávísun frá verzluninni á Bildudal. Svofeld saltútlát, sem fram fóru á tímabilinu frá 3. apríl til 28. júní 1901, verða hvorki skoðuð sem verzlun né sem arðsamt fyrirtæki, og er ekki heimild í lögum

til þess að leggja aukaútsvar á þannig lagaða starfsemi. En að því er kemur til blautfiskstöku og saltútláta þeirra, sem fram fóru frá 19. sept. til 16. nóv. 1900, þá kemur ekki til álita í þessu máli, hvort lög séu til að leggja útsvar á slíkt fyrirtæki eða ekki, með því að það ekki var rekið 4 mánuði á gjaldárinu, sjá lög 9. ágúst 1889.

Með því að áfrýjanda þannig hefir brostið lagaheimild til þess að leggja aukaútsvar það á stefndu, sem hér er um að ræða, ber að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð. Málskostnaður virðist eftir atvikum eiga að falla niður. Hinum skipaða talsmanni áfrýjanda verða eftir þessum úrslitum málsins ekki dæmd nein málflytningslaun.

Að því er málið hefir verið gjafsóknarmál vottast, að rekstur þess hefir verið lögmætur.

Þvi dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði fógetaréttarúrskurður á að vera óraskaður. Málskostnaður fellur niður.

